

24. júlí 1974.

379

Nr. 76.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hef ákveðið samkvæmt 37. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum sunnudaginn 28. júlí 1974.

Gjört í Reykjavík, 24. júlí 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

28. ágúst 1974.

Nr. 77.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Geir Hallgrímsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Einar Ágústsson fer með utanríkisráðuneytið.

Ólafur Jóhannesson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Gunnar Thoroddsen fer með iðnaðarráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.

Halldór E. Sigurðsson fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Matthías Á. Mathiesen fer með fjármálaráðuneytið.

Vilhjálmur Hjálmarsson fer með menntamálaráðuneytið.

Matthías Bjarnason fer með sjávarútvegsráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 28. ágúst 1974.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.